

Réttur föður til fæðingarorlofs er bundinn því skilyrði að hann sé í hjúskap eða skráðri óvígðri sambúð með móður barnsins.

2. gr.

Í stað orðanna „hluta fæðingarorlofs“ í 3. málsl. 4. gr. laganna kemur: fæðingarorlof.

II. KAFLI

Breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

3. gr.

Á eftir 16. gr. laganna kemur ný grein, 16. gr. a, svohljóðandi:

Faðir á rétt á tveggja vikna fæðingarorlofi sem taka má hvenær sem er fyrstu átta vikurnar eftir fæðingu eða heimkomu barns, þó skal réttur föður vera fjórar vikur ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns eða alvarleg veikindi móður. Jafnframt á faðir rétt á fæðingarorlofi í tvær vikur til viðbótar fyrir hvert barn umfram eitt. Notfæri faðir sér ekki rétt samkvæmt þessari málsgrein fellur hann niður.

Réttur föður til fæðingarorlofs er bundinn því skilyrði að hann sé í hjúskap eða skráðri óvígðri sambúð með móður barnsins.

Faðir í fæðingarorlofi á rétt á greiðslu fæðingarstyrks í hlutfalli við lengd orlofsins. Þá á hann rétt á hlutfallslegri greiðslu fæðingardagpeninga í samræmi við ákvæði d-liðar 16. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara skulu gilda um þá feður sem geta nýtt sér rétt samkvæmt lögunum við gildistöku þeirra.

Gjört á Bessastöðum, 29. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Ingibjörg Pálmadóttir.

LÖG

um breyting á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 24. gr. laganna orðast svo:

Slysatryggðir samkvæmt þessum kafla eru:

- a. Launþegar sem starfa hér á landi að undanskildum erlendum ríkisborgurum sem gegna embætti fyrir erlend ríki og erlendu starfsliði slíkra embættismanna. Starf um borð í ís-

lensku skipi eða íslensku loftfari, eða skipi eða loftfari sem gert er út eða rekið af íslenskum aðilum, jafngildir starfi hér á landi samkvæmt þessum lið, enda séu laun greidd hér á landi.

- b. Nemendur við iðnnám samkvæmt iðnfræðslulögum.
- c. Útgerðarmenn sem sjálfir eru skipverjar.
- d. Þeir sem vinna að björgun manna úr lífsháska eða vörnum gegn yfirvofandi meiri háttar tjóni á verðmætum.
- e. Íþróttafólk sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur er æfingum, sýningum eða keppni og orðið er 16 ára. Með reglugerðarákvæði má ákveða nánar gildissvið þessa ákvæðis.
- f. Sjúklingar semeru til meðferðar á sjúkrastofnunum sem starfa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og heilsutjónið eða örorkan er vegna læknisaðgerða eða mistaka starfsfólks sem starfar á þessum stofnunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 29. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Ingibjörg Pálmadóttir.